

Dreifibréf 01/2010/LS

Lyf afgreitt með undantekningarheimild lyfjafræðings

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 91/2001, um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja er lyfjafræðingi heimilt í undantekningartilvikum, þegar ekki næst í lækni (tannlækni, dýralækni) að afhenda lyfseðilsskylt lyf, án þess að fyrir liggja lyfseðill. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðingur fylla út símalyfseðilseyðublað. Rita skal nafn læknis sem sjúklingur tilgreinir sem þann er venjulega ávísar sjúklingnum því lyfi sem um ræðir, en að öðrum kosti nafn heimilislæknis viðkomandi. Lyfjafræðingur skal fullvissa sig um réttmæti afhendingar lyfs. **Viðtakandi lyfs skal kvitta fyrir móttöku á bakhlíð eyðublaðsins, með nafni sínu, kennitölu og símanúmeri og framvísa persónuskilríkjum**, nema hann sé svo kunnugur þeim sem lyfið afhendir að þess gerist ekki þörf. Stimpla skal á símalyfseðilseyðublaðið „Lyf afgreitt í undantekningartilviki“. Heimildir lyfjafræðinga til afhendingar lyfja samkvæmt þessari grein ná einungis til minnstu þakkinga sem fánlegar eru. Við framangreindar aðstæður skal lyfjafræðingur **rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn sjúklings og kennitölu, heiti lyfs, styrk þess (ef við á), ávísað magn og fyrirmæli um notkun, dagsetningu og nafn sitt og kódanúmer**, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 111/2001, um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

Útfyllt símalyfseðilseyðublað skal senda Lyfjastofnun eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir afgreiðslu. Ljósrit af eyðublaðinu skal viðkomandi lyfjafræðingur senda í pósti til þess læknis sem sjúklingur tilgreindi, eigi síðar en næsta virkan dag eftir afgreiðslu.

Lyfjastofnun óskar eftir að verklagi lyfjabúða verði breytt til samræmis við framangreint frá og með móttöku dreifibréfsins.

Lyfjastofnun
10. maí 2010